

Menntaskólinn á Akureyri

Haustönn 2011

Landafræði LAN 2A050

2. bekkur ABCD

Áfangalýsing

Fjallað verður um landafræðina sem fræðigrein, helstu hugtök og aðferðir. Nemendum verður kennt að lesa kort og önnur landafræðigögn. Fjallað verður um fjarkönnun og nemendum kynntir möguleikar á að nota tölvur til framsetningar landfræðilegra gagna. Fjallað verður um sögu jarðar og almenna jarðfræði með áherslu á samspil jarðfræði og búsetu. Fjallað verður um náttúruauðlindir jarðar, nýtingu þeirra og misnotkun. Skoðuð verður misskipting auðlinda, og munur á auðlindanotkun iðnríkja og þróunarlanda. Fjallað verður um íbúafjölda í heiminum með tilliti til auðlindanotkunar. Sérstaklega verður fjallað um vatn sem eina mikilvægustu auðlind jarðar, svo og orkulindir og orkunotkun. Fjallað verður um veður og loftslag og nemendum kennt að lesa úr veðurspám. Helstu atvinnuvegir verða teknir til umfjöllunar. Unnin verða verkefni þar sem nemendur dýpka þekkingu sína á völdum hlutum efnisins.

Áfanginn verður tengdur enskuáfangi og verkefnin unnin á ensku.

Námsefni

- Landafræði, maðurinn, auðlindirnar, umhverfið.
 - Sérkaflar um Ísland lesnir lauslega

Fyrirkomulag á önninni

A. Tveir (stundum fjórir) tímar á viku

Hefðbundnir fyrirlestrar kennara, engar fartölvur leyfðar.

- Að jafnaði einn fyrirlestur úr hverjum kafla bókarinnar á viku
- Glósur verða sendar til nemenda að hverjum fyrirlestri loknum

B. Fjórir (stundum tveir) tímar á viku:

Vinnutímar þar sem ætlast er til sjálfstæðrar vinnu nemenda undir eftirliti og umsjón kennara í landafræði og ensku. Hver nemandi verður sjálfur að skipuleggja sinn tíma í samráði við bekkjarfélagana.

B1. Glósugerð

Unnið að glósugerð úr bókinni á spjöld. Spjöldunum skilað til kennara sem síðan skilar þeim aftur til nemenda í upphafi prófsins.

- Kennari sendir nemendum lista yfir „áherslupunkta“ úr hverjum kafla bókarinnar
- Alls 6 spjöld, stærð A5
- Allt handskrifað og handteiknað
- Skiladagar:
 - Fyrsta spjald: **7. október**
 - Annað spjald: **28. október**
 - Þriðja spjald: **18. nóvember**
 - Fjórða spjald: **9. desember**
 - Fimmta spjald: **10. janúar**
 - Sjötta spjald: **Haft með í prófið**

B2. Verkefni

Vinna að heimildaverkefnum í samstarfi við enskudeild

- 4 „örverkefni“
 - Einstaklingsverkefni
 - Að jafnaði unnin í kennslustundum
 - Skrifleg verkefni, skilað útprentuðum
 - Hverju verkefni skilað tvisvar
 - Fyrst uppkasti sem kennari fer yfir með hverjum nemanda fyrir sig
 - Í lok annar setur hver nemandi örverkefnin saman í eitt „glanstímarit“
 - **Skiladagar auglýstir jafnharðan**
- 2 stærri verkefni
 - Para- og hópaverkefni
 - Að jafnaði unnin í kennslustundum
 - Skilað með fjölbreyttri tækni, tónlist, talað mál, myndbönd o.fl.
 - **Skiladagar auglýstir síðar**

Námsmat

- 10% skil á spjöldum
- 10% fyrri skil örverkefna
- 10% lokaskil örverkefna
- 15% stærri verkefnin
- 55% lokapróf

Athugið að verkefnin gilda einnig til einkunnar í ensku.

Jónas Helgason